

SAMÞYKKT

um starfskjör kjörinna fulltrúa og nefndarmanna Þingeyjarsveitar

1. gr.

Inngangur

Samþykkt þessi er byggð á 32. grein sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar nr. XXX¹. Í samþykktinni er fjallað um starfskjör og starfsaðstæður sveitarstjórnarmanna og greiðslur til fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í nefndir, stjórnir og ráð á vegum sveitarfélagsins.

2. gr.

Markmið

Markmið með samþykkt um þóknunir til fulltrúa eru eftirfarandi:

- að fulltrúar fái hæfilega laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins.
- að fulltrúar njóti kjara sem eru sambærileg því sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum.
- að kjör fulltrúa séu gagnsæ.

3. gr.

Breytingar á fjárhæðum og vísitala

Fjárhæðir samkvæmt samþykkt þessari skulu taka breytingum miðað við breytingar á launavísitölu 1. janúar ár hvert, í fyrsta skipti í janúar 2023. Grunnvísitala til viðmiðunar er launavísitala í júní 2022 (856,7).

4. gr.

Starfsaðstaða sveitarstjórnarfulltrúa

Kjörnir fulltrúar og formenn nefnda hafa aðgang að starfs- og fundaraðstöðu með nettengingu á skrifstofum sveitarfélagsins á opnunartíma þeirra eftir því sem húsrúm og aðstæður leyfa. Fulltrúar geta bókað aðstöðu fyrir fram með aðstoð starfsmanna eða í hópvinnukerfi sveitarfélagsins.

5. gr.

Laun fyrir setu í sveitarstjórn

Fulltrúar í sveitarstjórn þiggja laun fyrir setu í sveitarstjórn sveitarfélagsins samkvæmt samþykkt þessari. Aðalfulltrúar í sveitarstjórn fá mánaðarlega greiðslu að fjárhæð kr. 135.000,-. Fyrir hvern setin fund sveitarstjórnar fá aðalfulltrúar að auki greiðslu sem nemur 25% af mánaðarlaunum (kr. 33.750,-). Fyrir hvern setinn fund skal varafulltrúi fá sem nemur hálfum mánaðarlaunum aðalmanns (kr. 67.500,-). Gildir þá einu hvort varafulltrúi situr fundinn allan eða að hluta. Oddviti sveitarstjórnar fær greitt 50% álag á greiðslur skv. 2. mgr. Taki varaoddviti að sér stjórn fundar í forföllum oddvita skal hann fá 50% álag á greiðslur fyrir þann fund. Taki varaoddviti einnig að sér boðun sveitarstjórnarfundar eða -funda skal hann fá 25% álag á mánaðarlaun fyrir hvern fund sem hann boðar, en að hámarki 50%.

6. gr.

Þóknun vegna setu í nefndum sveitarfélagsins

Fulltrúar í nefndum og ráðum sveitarfélagsins fá greitt sem nemur 25% af mánaðarlaunum sveitarstjórnarfulltrúa skv. 2. mgr. 5. gr. fyrir hvern setinn fund (33.750,-). Varamenn í nefndum fá 35% af mánaðarlaunum sveitarstjórnarfulltrúa fyrir hvern setinn fund (47.250,-).

¹ Númer samþykktar hefur ekki verið birt.

Formaður nefndar fær greitt sem nemur 35% af mánaðarlaunum sveitarstjórnarmanns (47.250,-).

7. gr.

Starfstengdar greiðslur til fulltrúa

Aðalfulltrúar í sveitarstjórn og formenn nefnda fá greiddan fjarskiptastyrk að fjárhæð kr. 3.500,- á mánuði til að standa straum af kostnaði vegna símanotkunar og internets.

Fulltrúar fá greitt fyrir akstur samkvæmt akstursbók vegna boðaðra nefndarfunda í sveitarfélaginu. Greiðsla miðast að hámarki við akstur frá lögheimili að fundarstað og til baka.

8. gr.

Þóknun vegna funda og ráðstefna

Fulltrúar sveitarfélagsins á fundum og ráðstefnum utan sveitarfélagsins sem sveitarstjórn ákveður að taka þátt í fá greitt sem nemur 35% af mánaðarlaunum sveitarstjórnarfulltrúa skv. 2. mgr. 5. gr. fyrir hvern dag sem fundur eða þing stendur.

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga skal nema 25% af mánaðarlaunum sveitarstjórnarfulltrúa (33.750,-), enda greiði viðkomandi samstarfsvettvangur ekki fyrir fundarsetu.

9. gr.

Launatengdar greiðslur

Þingeyjarsveit greiðir lögbundið lágmarksmótframlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 af launum sem samþykkt þessi tekur til.

10. gr.

Starfshópar, vinnuhópar og verkefnislið

Ákveði sveitarstjórn eða fastanefnd að setja á fót starfshóp, vinnuhóp eða verkefnislið, skal koma fram í bókun þar sem slík ákvörðun er tekin, ef lagt er til að greitt verði fyrir fundarsetu. Ef ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna launa vinnuhóps í samþykktri fjárhagsáætlun þarf að óska eftir samþykki sveitastjórnar fyrir fjárveitingu vegna þess áður en vinna hópsins hefst.

Ef ákvörðun er tekin um að seta í starfshópi, vinnuhópi eða verkefnisliði skuli vera launuð skal greiða sem nemur 25% af mánaðarlaunum sveitarstjórnarfulltrúa fyrir hvern setinn fund.

Skipunarbréf skal leggja fyrir sveitastjórn til samþykktar og skal það innihalda meðal annars tilgang og markmið með stofnun, ásamt kostnaðar og tímaáætlun sem starfshóp/vinnuhóp er ætlað til að skila niðurstöðu.

11. gr.

Laun kjörstjórnar

Fyrir setu á fundum kjörstjórnar skal greitt skv. 8. gr. samþykktar þessarar.

Fyrir vinnu kjörstjórnar á kjördag við undirbúning kjörfundar, framkvæmd kjörfundar og frágang að honum loknum fær kjörstjórn greitt skv. tímagjaldi fyrir unnar klukkustundir og skal miðað við launaflokk 129, í kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og Framsýnar, án persónuálags.

12. gr.

Laun í orlofi og veikindum

Sveitarstjórnarfulltrúar skulu fá greidd laun á meðan á sumarleyfi sveitarstjórnar stendur.

13. gr.

Ferðakostnaður

Þingeyjarsveit greiðir ferðakostnað fulltrúa vegna ferða á vegum sveitarfélagsins. Fulltrúar skulu fá samþykki sveitarstjórnar fyrir öllum ferðum og útgjöldum fyrir fram.

Útlagður kostnaður á ferðalögum er greiddur á grundvelli framlagðra reikninga. Þingeyjarsveit greiðir fulltrúum kílómetragjald fyrir akstur á eigin bifreið vegna starfa í þágu sveitarfélagsins skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni. Greitt er samkvæmt akstursskýrslu eða reikningi.

Við skipulagningu ferða skal ávallt velja þá ferðatilhögun sem er hagstæðust fyrir sveitarfélagið, t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins, leigja bíl eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er.

Velji fulltrúi ekki þann ferðamáta sem væri hagstæðastur fyrir sveitarfélagið, t.d. ef fulltrú velur að fara á eigin bíl þegar ódýrara væri að fljúga eða leigja bíl, skal fulltrúinn sjálfur bera þann umframkostnað sem val hans veldur. Fulltrúi skal hafa samráð við sveitarstjóra áður en ferðamáti er ákveðinn.

Sveitarstjórn getur heimilað að greiddir séu dagpeningar vegna ferðalaga erlendis, t.d. ef ferðast er til landa þar sem þjóf fé er stór hluti útgjalda eða ekki er hefð fyrir að gefa út reikninga.

14. gr.

Um fjármálaráðstefnu, héraðsnefnd og ársþing Eyþings

Aðalfulltrúum í sveitarstjórn er heimilt að sækja fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, þing SSNE og héraðsnefndar Þingeyinga án sérstakrar samþykktar sveitarstjórnar. Greitt er fyrir setuna skv. 1. mgr. 8. gr.

15. gr.

Skil á skýrslu

Fyrir setu á fundum sveitarstjórnar, nefnda og ráða sveitarfélagsins er greitt skv. staðfestum fundargerðum. Fulltrúi ber sjálfur ábyrgð á að koma réttum upplýsingum um setu á öðrum fundum, akstur og útlagðan kostnað til launafulltrúa eða fjármálastjóra sveitarfélagsins eftir því sem við á.

16. gr.

Gildistaka

Reglurnar taka þegar gildi og um leið falla eldri samþykktir Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar úr gildi.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 17. ágúst 2022

Yfirlit fjárhæða²:

Sveitarstjórn (á mán./á hvern fund)	Mánaðarlaun	Fundarseta
Oddviti (150% / 37,5%)	202.500	50.625
Aðalfulltrúi (100% / 25%)	135.000	33.750
Varafulltrúi (- / 50%)		67.500
Nefndir og ráð (á mán./á hvern fund)		Fundarseta
Formaður (- / 35%)		47.250
Aðalmaður (- / 25%)		33.750
Varamaður		47.250
Annað		Fundarseta/dagur
Fundir samstarfsvettvanga (- / 25%)		33.750
Ráðstefnur og fundir, á dag (- / 35%)		47.250
Kjörstjórn	Dagvinna	Yfirvinna
Vinna kjörstjórnar vegna kjörfundar (lfl. 129)	2.701	4.561

² Ef misræmi er á milli yfirlits yfir fjárhæðir og texta samþykktar gildir texti samþykktar.